

Reykjavík 8. apríl 2022

22040025 GBH/JHJ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Vt. Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Efni: Tilkynning um úttekt á útboði og sölu á hlut í Íslandsbanka

Með bréfi dags. 7. apríl 2022 óskaði fjármála- og efnahagsráðuneyti eftir úttekt á því hvort útboð og sala ríkisins á 22,5% hlut í Íslandsbanka sem fram fór þann 22. mars sl. hafi samrýmst lögum og góðum stjórnarsýsluháttum. Í bréfinu kom fram að umræða hafi skapast um hvort framkvæmd sölunnar hafi verið í samræmi við áskilnað laga og upplegg stjórnvalda sem borið var undir fjárlaganefnd og efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til umsagnar.

Ríkisendurskoðun hefur ákveðið að verða við framangreindri beiðni sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Áætlun um afmörkun og framkvæmd úttektarinnar hefur ekki farið fram en hún mun verða endurskoðuð eftir því sem úttektinni vindur fram. Í því sambandi er ítrekað að skv. 3. mgr. 1. gr. framangreindra laga er ríkisendurskoðandi sjálfstæður og engum háður í störfum sínum og ákveður sjálfur hvernig hann sinnir hlutverki sínu samkvæmt lögum. Stefnt er að því að niðurstaða úttektarinnar verði birt í opinberri skýrslu til Alþingis í júnímánuði 2022.

Í tengslum við úttektina óskar Ríkisendurskoðun eftir því að tilnefndur verði tengiliður ráðuneytisins sem starfsfólk Ríkisendurskoðunar getur aflað upplýsinga hjá.

Ef spurningar vakna er unnt að beina erindi til Jarþrúðar Hönnu Jóhannsdóttur, sviðsstjóra, á netfangið jarthrudur.hanna.johannsdottir@rikisendurskodun.is.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Björgvin Helgason
(rafræn undirritun)

Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir
(rafræn undirritun)

Undirritunarsíða

Guðmundur Björgvin Helgason

Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir